

Starfsmaður í mötuneyti starfsmanna

Flataskóli í Garðabæ leitar að jákvæðum og duglegum starfsmanni í mötuneyti starfsmanna.

Matráður sér um daglegan rekstur mötuneytis og aðra umsýslu matar og kaffis t.d. vegna funda, innkaupa og frágangs.

Helstu verkefni:

Framreiðsla á léttum hollum hádegisverði og morgunkaffi.

Þrif á eldhúsi og kaffistofu starfsmanna.

Menntunar og hæfniskröfur:

Góður kostur ef umsækjandi hefur menntun tengda matreiðslu. Reynsla af sambærilegu starfi er nauðsynleg. Leitað er að einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, er með gott viðmót, mikið frumkvæði í starfi og ríka þjónustulund. Þarf að vera jákvæður og samviskusamur.

Umsóknarfrestur er til 4.ágúst 2015.

Frekari upplýsingar um starfið:

Um er að ræða 70% stöðu .

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi STAG

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólöf S Sigurðardóttir skólastjóri í síma 6171570 einnig má senda fyrirspurnir á netfangið olofs@flataskoli.is.

Stuðningsfulltrúi óskast til starfa í 65% stöðu við Flataskóla í Garðabæ skólaárið 2015-2016.

Flataskóli er fámennur skóli þar sem unnið er af miklum metnaði og áhersla lögð á notalegt andrúmsloft, umhyggju og góðan árangur. Í skólanum okkar eru persónuleg samskipti milli nemenda, starfsfólks og foreldra.

Nemendur skólans eru rúmlega 400 frá fjögurra ára aldri og upp í 7.bekk. Flataskóli er heilsueflandi grunnskóli þar sem mikil áhersla er lögð á hreyfingu og vellíðan nemenda.

Í skólanum einkennast kennsluhættir af fjölbreytni þar sem reynt er að koma til móts við ólíkar þarfir og áhuga nemenda. Starfsmenn skólans vinna að því að byggja upp skólastarf sem einkennist af ánægju og árangri.

Reynsla og hæfni

- Samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Jákvæðni, ábyrgðarkennd og skipulagshæfni
- Ánægja af að starfa með börnum og unglingum
- Reynsla af starfi með börnum
- Viðkomandi þarf að vera tilbúinn til þess að fylgja eftir stefnu skólans, að vinna með öðrum og búa jafnframt yfir frumkvæði og getu til að vinna sjálfstætt

Helstu verkefni og ábyrgð

Aðstoðar nemendur við daglegar athafnir og virka þátttöku í skólastarfi.

Vinnur eftir áætlun sem kennari hefur útbúið.

Aðstoðar nemendur við að fylgja settum reglum um hegðun, umgengni og vinnubrögð.

Leitast við að styðja nemendur í félagslegum samskiptum innan og utan kennslustofu

Umsóknarfrestur er til 4.ágúst 2015.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi STAG

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólöf S Sigurðardóttir skólastjóri í síma 6171570 einnig má senda fyrirspurnir á netfangið olofs@flataskoli.is.